**ÞINGSKJAL NR.15**

45. þing Skotíþróttasambands íslands ályktar að skipuð verði milliþinganefnd sem vinni þarfagreiningu vegna hugmynda um íslenska skotíþróttamiðstöð sem kynnt verði á næsta þingi.

Markmið þessa samstarfs verði uppbygging aðstöðu til skotíþróttaiðkunar þar sem vettvangur verði verði til löglegs, alþjóðlegs mótahalds í helstu greinum og aðstaða til samstarfs á sviði framþróunar félagsstarfs, nokkurs konar þjóðarleikvangur skotíþrótta og samstarfsvettvangur félaganna. Markmiðið er að öll skotíþróttafélög landsins geti haft þar afnot af til starfsemi og mótahalds og að þar verði landsvettvangur skotíþróttaiðkunar.

Stjórn STÍ skipar þrjá í milliþinganefnd til að sinna málefninu.

Skal nefndin sjálf skipa með sér verkum og gefa skýrslu á 46. þingi Skotíþróttasambandsins. Nefndin skal upplýsa stjórn sambandsins um framgang verkefnisins milli þinga.